

Costco Wholesale Iceland ehf.  
Kauptúni 3  
210 Garðabæ

Reykjavík, 26. janúar 2021  
UST202005-305/F.K.  
07.05.02

### **Málslok**

Vísað er til bréfs dags. 3.12.2020 þar sem gerð var grein fyrir frávikum sem komu fram við eftirlit, í kjölfar ábendingar, með merkingum á vörunni *The Chemistry Laboratory* sem Costco Wholesale Iceland ehf. setti á markað.

Costco Wholesale Iceland ehf ákvað í kjölfar eftirlits Umhverfisstofnunar að setja vöruna ekki á markað hér á landi og endursendi hana til Costco UK í Bretlandi.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með vörunni *The Chemistry Laboratory* og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Costco Wholesale Iceland ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason  
sérfræðingur